

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævinlangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. maí 1982.

Nr. 198/1979. **Unnar Þór Böðvarsson**

(Ingi R. Helgason hrl.)

gegn

Bjarna Hákonarsyni

(Páll S. Pálsson hrl.)

landbúnaðarráðherra

vegna landnámsstjórnar ríkisins og

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Ábúð. Stjórnsýsla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Sigurgeir Jónsson og Magnús Thoroddsen ásamt prófessorunum Arnljóti Björnssyni og Gauki Jörundssyni.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1979. Hann gerir þær dómkröfur, að allar kröfur hans í héraði verði teknar til greina, en þær eru eftirfarandi:

„1. Að felld verði úr gildi með dómi sem ólögmaet stjórnvaldsathöfn taka jarðarinnar Tungumúli í Barðastranda-hreppi úr tölu lögbýla og sameining hennar við jörðina Haga í sama hreppi, sem gerð var með ákvörðun Nýbýlastjórnar hinn 23. ágúst 1965 og að Landnámsstjórn, sem tók við verkefnum Nýbýlastjórnar með lögum 45/1971, verði gert að afmá úr Veðmálalabókum Barðastrandasýslu yfirlýsingu eða bréf Landnámsstjóra dags. 23. ágúst 1965, merktu Litra G 1 nr. 36.

2. Að staðfestur verði með dómi ábúðarréttur stefnanda að jörðinni Tungumúla í Barðastrandahreppi, sem hann öðlaðist með sátt gerðri fyrir setudómara Friðjóni Þórðarsyni í aukadómþingi Barðastrandasýslu hinn 29. september 1962.

3. Að jafnframt verði fyrirmælt í dómsorði, ef framangreindur ábúðarréttur fæst staðfestur, að dómurinn jafngildi byggingarbréfi stefnanda til handa með réttindum og skyldum skv. ábúðarlögum frá og með næstu fardögum að telja og sé þá miðað við landstærð, landamerki, ræktun, mannvirki og girðingar eins og voru í fardögum 1967 með þeirri undantekningu, að óátalin er sala á spildu úr landinu til Alþýðusambands Vestfjarða, að svo stöddu.

4. Að stefndur Bjarni verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur, bætur vegna röskunar á stöðu og högum og skaðabætur, vegna þess að stefnanda hefur verið fyrir-munað að njóta ábúðarréttar síns að Tungumúla, gkr. 3.000.000,- eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins með 13% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags.“

Þó krefst áfrýjandi þess, að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið hafi ekki verið gjafsóknarmál í héraði.

Stefndi Bjarni Hákonarson gerir þær kröfur, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gera þær kröfur, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og að þeim verði til-dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið hafi ekki verið gjafsóknarmál í héraði.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Svo sem þar er rakið, gerðu móðir áfrýjanda, Björg Þórðardóttir, og stefndi Bjarni Hákonarson svo og faðir hans, Hákon J. Kristófersson, dóms-sátt hinn 29. september 1962 fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu í málinu nr. 3/1962. Í 1. gr. þeirrar sáttar segir svo:

„Stefnandi Björg Þórðardóttir fær lífstíðarábúð á jörðinni Tungumúla í Barðastrandahreppi fyrir sig og son sinn

Unnar Þór, enda segi hann til, áður en hann verður 22 ára, hvort hann hyggst nota þann rétt“.

Ofangreind ákvæði sáttarinnar verða ekki skýrð svo, að áfrýjandi hafi á grundvelli hennar öðlast sjálfstæðan ábúðarrétt, er hafi heft heimild aðilja að sáttinni til að semja um ábúð jarðarinnar og ráðstafa ábúð hennar með öðrum hætti í samræmi við almennar reglur.

Hinn 5. desember 1963 afsöluðu foreldrar áfrýjanda í hendur stefnda Bjarna og föður hans, Hákonar J. Kristóferssonar, allri eign sinni í húsum, ræktun og girðingum á Tungumúla og lýstu jafnframt yfir því, að þau hefðu „engar frekari kröfur á hendur þeim feðgum varðandi ábúð okkar á jörðinni og lýsum þá hér með rétta og löglega eigendur að öllum framangreindum eignum okkar á jörðinni við brottför okkar af henni nú í haust“.

Með ofangreindu afsali og brottför foreldra áfrýjanda af jörðinni lauk þeim ábúðarrétti, sem veittur var með sáttargerðinni frá 29. september 1962. Kröfur áfrýjanda um viðurkenningu á ábúðarrétti honum til handa eiga því ekki við lög að styðjast og þar með ekki heldur bótakröfur hans.

Áfrýjandi reisir kröfur til ábúðar umræddrar jarðar eingöngu á sáttinni frá 29. september 1962. Samkvæmt því, sem að framan greinir, á hann ekki slíkan ábúðarrétt. Þegar af þeirri ástæðu getur hann ekki gert þær kröfur, sem hann beinir að landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Bjarni Hákonarson hefur krafist þess, að dæmd verði dauð og ómerk orðin „nauðung“ og „valdniðsla“ á dómskjali 15 í héraði. Hér er um að ræða ummæli í álitsgerð lögmanns áfrýjanda, sem hann kveður verða upplýsingar frá öðrum. Hann tekur fram í álitsgerðinni, að þessar upplýsingar hafi hann ekki getað metið á þann hátt, að hann geti tjáð sig um, hvort þær gætu út af fyrir sig valdið ógildi afsalsins.

Þegar þetta er haft í huga, eru ekki efni til að taka ómerk-ingarkröfuna til greina.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skulu vera óröskuð, þar á meðal ákvæði um talsmannslaun.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Bjarni Hákonarson, landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af öllum kröfum áfrýjanda, Unnars Þórs Böðvarssonar, í máli þessu.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms skulu vera óröskuð.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Frumkrafa áfrýjanda er sú, að endurvakinn verði ábúðaréttur sá, sem hann telur sig hafa átt að jörðinni Tungumúla, en sú jörð var með stjórnvaldsgerningi 23. ágúst 1965 tekin úr tölu lögbýla. Fyrsti liður kröfugerðar áfrýjanda er um ógildingu þeirrar stjórnvaldsathafnar að taka jörðina úr tölu lögbýla og sameina annarri jörð. Kröfurnar eru samtengdar þannig, að til þess að áfrýjanda verði dæmdur ábúðaréttur á jörðinni Tungumúla, er óhjákvæmilegt að ógilda niðurfellingu hennar úr jarðatölu, en hins vegar á áfrýjandi ekki aðild að máli til ógildingar þeirrar stjórnvaldsathafnar, nema hann eigi tilkall til þeirra réttinda, sem greinir í 2. tölulið kröfugerðar hans. Verður því fyrst fjallað um þann kröfulið.

I.

Áfrýjandi byggir kröfu sína á viðurkenningu á ábúðarétti á dómssátt, sem gerð var í aukadómþingi Barðastrandarsýslu hinn 29. september 1962 í aukadómþingsmálinu nr. 3/1962. Svo sem í héraðsdómi greinir, stofnaði Björg Þórðardóttir, móðir áfrýjanda, til þess máls, er eigendur hálftrar jarðarinnar seldu sameiganda sínum jarðarhluta sinn hinn 22. september 1961, án þess að gætt væri ákvæða laga um kauprétt á jörðum nr. 40/1948 um forkaupsrétt til handa ábúanda, en Björg og eiginmaður hennar höfðu þá búið á jörðinni í 18 ár. Dómkröfur Bjargar voru þær, að salan á hálfri jörðinni Tungumúla yrði ógilt og að henni yrði lagður jarðarhlutinn út á því verði, sem hann var seldur fyrir.

Dómssátt þessi er nokkuð ófullkomin, þar sem í henni er ekkert ákvæði um, að stefnandi falli frá málssókninni eða falli frá forkaupsrétti sínum. Af efni sáttargerðarinnar verður þó að ráða, að fallið sé frá forkaupsrétti þeim, sem málið snerist um. Fyrir það fráfalið fær sóknaraðili nokkra umbun, og er þar helst að telja það, sem greinir í 1. tölulið sáttargerðarinnar, lífstíðarábúð fyrir sóknaraðilja, Björgu Þórðardóttur, og einnig fyrir son hennar, áfrýjanda máls þessa, Unnar Þór Böðvarsson, enda segi hann til, áður en hann verður 22 ára, hvort hann hyggst nota þann rétt. Unnar Þór er fæddur 1. nóvember 1945. Af gögnum málsins er ljóst, að áfrýjandi hefur áður en langt leið fengið vitneskju um sáttina, ef honum var hún ekki kunn frá því hún var gerð.

Ég tel niðurstöðu velta á því, hvort áfrýjandi hafi með sáttargerð þessari, sem hann var ekki sjálfur aðili að, öðlast sjálfstæðan rétt til ábúðar á jörðinni með móður sinni að fullnægðum þar greindum skilyrðum eða hvort í sáttinni felist aðeins áskilnaður sóknaraðilja, Bjargar, gagnvart varnaraðilja (landsdrottnei) um heimild hennar til þess að deila ábúð með syni sínum og láta honum hana síðar í té með lífs- eða dánargerningi. Við skýringu á sáttinni verður m. a. að hafa í huga tildrög að henni og þá fyrst og fremst, að sniðgenginn hafði verið hinn ríki réttur leiguliða til að ganga inn í kaup á jörð, orðalag 1. töluliðar sáttarinnar um, að áfrýjandi skyldi segja til fyrir 22 ára aldur, þ. e. innan árs eftir að hann öðlast fjárræði, „hvort hann hyggst nota þann rétt“, og að sá aðili sáttarinnar, sem í henni samdi um hin umdeildu fríðini áfrýjanda til handa, var fjárráðamaður hans ásamt með föður hans. Með þessi atriði í huga tel ég, að áfrýjandi hafi með marggreindri sátt öðlast sjálfstæðan rétt til ábúðar að Tungumúla, takmarkan af því að þurfa að deila honum með móður sinni, svo lengi sem hún vildi einnig neyta hans, og skilyrtan því, að hann segði til innan tiltekins tíma, hvort hann vildi sjálfur neyta réttarins. Ég tel orðalagið „... fyrir sig og son sinn.“ í sáttinni ekki gefa neina vísbendingu um, að réttur sonarins sé takmarkaður á þann hátt sem greinir í dómi meiri hluta dómenda, heldur stafi orðalag þetta eingöngu af því, að Björg var aðili máls-

ins, en sonurinn ekki, og hann auk þess þá ekki löghæfur til að gera slíkan samning sjálfur.

Í afsali því frá 5. desember 1963, sem um getur í héraðsdómi, frá Björgu Þórðardóttur og Böðvari Guðjónssyni til Hákonar Kristóferssonar og Bjarna Hákonarsonar á ýmsum eignum þeirra hjóna á jörðinni Tungumúla er ekki fólgið neitt afsal á réttindum sonar þeirra, enda þau vart bær um að afsala þessum réttindum hans, sbr. 36. og 37. gr. laga um lögræði nr. 95/1947.

Ekki verður á það fallist með héraðsdómara, að áfrýjandi hafi glatað rétti fyrir aðgerðarleysi. Hann tilkynnti landsdrottni í tæka tíð, að hann hygðist nota rétt sinn, sbr. niðurlag 1. töluliðar sáttarinnar frá 29. september 1962, og síðan leitar hann réttar síns og leggur fram mótmæli, ýmist einn eða með móður sinni, á árunum 1967 til 1974, leitar lögfræðilegrar álitsgerðar á árinu 1976 og stefnir síðan í mars 1977. Voru þá ekki liðin full 10 ár frá því að áfrýjandi sendi tilkynningu þá, sem honum bar að senda samkvæmt sáttinni, ef hann vildi neyta réttar síns.

Verður krafa áfrýjanda um staðfestingu á ábúðarrétti hans því tekin til greina.

II.

Pegar nýbýlastjórn ríkisins hinn 23. ágúst 1965 samþykkti beiðni Hákonar Kristóferssonar og Bjarna Hákonarsonar í Haga um sameiningu eignarjarða þeirra, Haga og Tungumúla, og þar með töku Tungumúla úr tölu sjálfstæðra lögbýla, lágu ekki, svo séð verði, fyrir henni neinar upplýsingar um hinn samningsbundna rétt áfrýjanda til lífstíðarábúðar á jörðinni. Telja verður óheimilt að taka úr tölu lögbýla jörð, sem er í ábúð eða sem á hvílir samingsbundin kvöð um lífstíðarábúð, án samþykkis ábúanda eða þess, sem slíkan ábúðarrétt á. Samkvæmt því er hinn umdeildi stjórnvaldsgerningur gerður á röngum forsendum, þar sem ekki lágu fyrir stjórnvaldinu upplýsingar um höft þau, sem á jörðinni voru vegna marggreindrar dómssáttar. Var hann því ólögmaður. Vegna þeirra hagsmuna áfrýjanda, sem greinir í I. lið, er hann réttur aðili að málssókn um þetta

atriði. Ber því að taka til greina kröfu hans um, „að felld verði úr gildi með dómi sem ólögmæt stjórnvaldsathöfn taka jarðarinnar Tungumúli í Barðastrandarhreppi úr tölu lögbýla og sameining hennar við jörðina Haga í sama hreppi, sem gerð var með ákvörðun Nýbýlastjórnar hinn 23. ágúst 1965“.

Hins vegar er ekki unnt að taka til greina síðari hluta kröfuliðs þessa, „að Landnámsstjórn, sem tók við verkefnum Nýbýlastjórnar með lögum 45/1971 verði gert að afmá úr Veðmálabókum Barðastrandasýslu yfirlýsingu eða bréf Landnámsstjóra dags. 23. ágúst 1965, merktu Litra G 1 nr. 36“. Það er ekki á færi landnámsstjórnar að afmá skjal þetta úr veðmálabókum. Ekki hefur verið gerð krafa í máli þessu um, að landnámsstjórn verði dæmd til þess að þinglýsa yfirlýsingu um niðurfellingu gerningsins frá 23. ágúst 1965. Verður því að sýkna landbúnaðarráðherra vegna Landnámsstjórnar ríkisins af þessum kröfulið.

III.

Samkvæmt niðurstöðu sératkvæðis þessa varðandi kröfu áfrýjanda samkvæmt I. lið um staðfestingu ábúðarréttar hans, sem hann öðlaðist með dómssáttinni hinn 29. september 1962 að jörðinni Tungumúla, á áfrýjandi rétt á byggingarbréfi fyrir jörðinni, ekki er samt unnt að verða við kröfu hans um, að í dómsorð í þessu máli verði tekin ákvæði byggingarbréfs fyrir jörðinni með öllum þeim atriðum, sem í því ættu að vera samkvæmt samningum, vegna lagaákvæða eða af öðrum ástæðum. Til þess að svo mætti verða, þyrfti málið nánari reifunar við um einstök atriði þess. Ber því að vísa þessum kröfulið sjálfkrafa frá héraðsdómi.

IV.

Krafa um skaðabætur.

Krafa þessi er um miskabætur, bætur vegna röskunar á stöðu og högum og vegna fjártjóns af missi ábúðarréttar. Krafan hefur hvorki verið rökstudd með því, að um meingerð, drýgða af illfýsi, hafi verið að ræða, né nein grein gerð fyrir fjárhagslegu tjóni.

Ber því að vísa kröfu þessari sjálfkrafa frá héraðsdómi vegna vanreifunar.

V.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um afgreiðslu þeirra á kröfu um ómerkingu ummæla.

VI.

Samkvæmt þessum málsúrslitum og málsatvikum tel ég, að dæma beri stefndu Bjarna Hákonarson og ríkissjóð óskipt til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 30.000.00 krónur.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað og gjafvarnarkostnað, þar með talin talsmannslaun, ber að staðfesta.

D ó m s o r ð:

Framangreindum kröfum er vísað frá héraðsdómi.

Landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins skal vera sýkn af kröfu áfrýjanda um, að landnámsstjórn afmái úr veðmálabókum Barðastrandarsýslu skjal merkt Litra G 1 nr. 36.

Staðfestur er ábúðarréttur áfrýjanda, Unnars Þórs Böðvarssonar, að jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi, sem hann öðlaðist með sátt í aukadómþingi Barðastrandarsýslu hinn 29. september 1962.

Felld er úr gildi taka jarðarinnar Tungumúla í Barðastrandarhreppi úr tölu lögbýla og sameining hennar við jörðina Haga í sama hreppi, sem gerð var með ákvörðun nýbýlastjórnar hinn 23. ágúst 1965.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað og gjafvarnarkostnað skulu vera óröskuð.

Stefndu Bjarni Hákonarson og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs greiði óskipt áfrýjanda, Unnari Þór Böðvarssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 30.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 6. september 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af Unnari Þór Bööðvarssyni, Tungumúla, Barðastrandarhreppi, með stefnu, út-
gefinni 28. mars 1977 og birtri 1. apríl 1977, á hendur Bjarna Hákonarsyni bónda, Haga, Barðastrandarhreppi, Halldóri E. Sig-
urðssyni landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins
og Matthíasi Á. Mathiesen fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að felld verði úr gildi með dómi sem ólögmæt stjórnvalds-
athöfn taka jarðarinnar Tungumúla í Barðastrandarhreppi úr
tölu lögbýla og sameining hennar við jörðina Haga í sama hreppi,
sem gerð var með ákvörðun nýbýlastjórnar hinn 23. ágúst 1965,
og að landnámsstjórn, sem tók við verkefnum nýbýlastjórnar
með lögum nr. 45/1971, verði gert að afmá úr veðmálabókum
Barðastrandarsýslu yfirlýsingu eða bréf landnámsstjóra, dags.
23. ágúst 1965, merktá Litra G 1 nr. 36.

2. Að staðfestur verði með dómi ábúðarréttur stefnanda að
jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi, sem hann öðlaðist
með sátt, gerðri fyrir setudómara, Friðjóni Þórðarsyni, á auka-
dómþingi Barðastrandarsýslu hinn 29. september 1962.

3. Að jafnframt verði fyrirmælt í dómsorði, ef framangreind-
ur ábúðarréttur fæst staðfestur, að dómurinn jafngildi byggingar-
bréfi stefnanda til handa með réttindum og skyldum skv. ábúð-
arhlögum frá og með næstu fardögum að telja og sé þá miðað við
landstærð, landamerki, ræktun, mannvirki og girðingar, eins og
voru í fardögum 1967 með þeirri undantekningu, að óátalin er
sala á spildu úr landinu til Alþýðusambands Vestfjarða, að svo
stöddu.

4. Að stefndi Bjarni verði dæmdur til að greiða stefnanda
miskabætur, bætur vegna röskunar á stöðu og högum og skaða-
bætur vegna þess, að stefnanda hefur verið fyrirmanað að njóta
ábúðarréttar síns að Tungumúla, kr. 3.000.000 eða aðra lægri
fjárhæð að mati réttarins með 13% ársvöxtum frá stefnubirting-
ardegi til greiðsludags.

5. Að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda
hæfilegan málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál,
en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. júlí 1976, var stefn-
anda veitt gjafsóknarleyfi.

Dómkröfur stefnda Bjarna Hákonarsonar eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði til-dæmur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 27. október 1978, var honum veitt gjafvörn. Auk þessa krefst hann þess, að orðin „nauðung og valdníðsla“ á dskj. nr. 15 verði dæmd dauð og ómerk. Dómkröfur stefndu landbúnaðar- og fjármálaráðherra f. h. landnámsstjórnar og ríkissjóðs eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, og gildir sýknu-krafan allt að einu, þótt svo færi, að málið félli á aðalstefnda Bjarna Hákonarson, eins og segir í greinargerð stefndu. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati og ákvörðun réttarins.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

Málsatvik.

Hjónin Björg Þórðardóttir og Böðvar Guðjónsson komu að jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi árið 1943 og hófu þar búskap. Eigendur jarðarinnar voru þá Hákon J. Kristófersson í Haga, Barðastrandarhreppi, og erfingjar Hjálmars Guðmunds-sonar, þeir Niels P., Björn og Ásgeir Sigurðssynir. Ekkert bygg-ingarbréf var gefið út hjónunum til handa og síðar, eða árið 1959, varð ágreiningur milli hjónanna og Hákonar J. Kristófers-sonar um afgjaldið af jörðinni. Hinn 21. desember 1959 byggði Hákon þeim hjónum út af jörðinni, skriflega, og krafðist brott-flutnings þeirra 7. júlí 1960. Ekki fóru þau hjónin af jörðinni þá né gerði Hákon frekari reka að brottflutningi þeirra. Hinn 22. september 1961 afsöluðu erfingjar áðurnefnds Hjálmars arfshluta sínum í Tungumúlajörðinni til Hákonar í Haga. Búendum í Tungumúla þótti slíkt afsal fara í bága við ákvæði laga um kaup-rétt á jörðum nr. 40/1948 og höfðuðu riftunarmál fyrir aukadóm-pingi Barðastrandarsýslu, sem auðkennt var nr. 3/1962. Máli þessu lauk með dómssátt hinn 29. september 1962, þar sem segir svo í 1. gr.: „Stefnandi Björg Þórðardóttir fær lífstíðarabúð á jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi fyrir sig og son sinn Unnar Þór, enda segi hann til, áður en hann verður 22 ára, hvort hann hyggst nota þann rétt.“ Í 6. gr. segir svo: „Úttekt fari fram að vori komanda, svo fljótt sem unnt er.“ Í 7. gr. sáttarinnar segir svo: „Byggingarbréf verði gefið út frá næstu fardögum, og er sýslumanni Dalasýslu falið að sjá um útgáfu þess.“ Sýslu-

maður Dalasýslu fór einmitt með framangreint riftunarmál sem setudómari, og var sáttin því gerð fyrir honum. Dómssáttin er undirrituð af Björgu Þórðardóttur, lögmanni hennar, Sigurði Baldurssyni, stefnda Bjarna Hákonarsyni og Hákon J. Kristóferssyni. Úttekt var gerð á jörðinni 13. júlí 1963 og 14. september 1963, en henni lauk ekki fyrr en með úttekt úttektar- og virðingardóms Vestur-Barðastrandarsýslu 12. október 1963, en viðingardóms þessa hafði Björg Þórðardóttir krafist með bréfi, dagsettu 18. september 1963. Í niðurlagi úttektar- og virðingardómsins, segir svo m. a. „Það er álit úttektar- og virðingardómsmanna, að eigendum jarðarinnar beri að kaupa allar hinar metnu eignir, að undanskilinni milligirðingu, sem er alls virt á kr. 147.032.00“

Samkvæmt 7. gr. áður nefndrar sáttar var gert byggingarbréf um jörðina Tungumúla 2. júlí 1963 milli stefnda Bjarna Hákonarsonar og Hákonar J. Kristóferssonar sem leigusala og Bjargar Þórðardóttur sem leiguliða. Í byggingarbréfinu er jörðin byggð frá fardögum 1963 með venjulegum leiguliðanotum. Í 8. gr. byggingarbréfsins segir svo: „Sætt sú, er gerð var í Haga 29. sept. 1962, heldur gildi sínu.“

Í framhaldi af úttektar- og virðingardómi þeim, sem áður getur, gaf Björg Þórðardóttir út yfirlýsingu hinn 8. nóvember 1963, þar sem segir m. a. svo: „Ég undirrituð, Björg Þórðardóttir, búkona að Tungumúla í Barðastrandarhreppi, lýsi því hér með yfir, að ég er ásátt með að taka við kr. 100.000. — eitt hundrað þúsund kr. 00/100 — frá eigendum jarðarinnar Tungumúla sem fullnaðargreiðslu á húsum og mannvirkjum þeim, sem ég og eiginmaður minn, Böðvar Guðjónsson, bóndi að Tungumúla, eigum á jörðinni Tungumúla og metin hafa verið okkur til eignar af úttektar- og virðingardómi, sem fram fór á jörðinni 12. og 13. f. m., með eftirfarandi skilmálum.

1. Að framangreindar kr. 100.000.00 verði að fullu greiddar fyrir lok desembermánaðar n.k.

2. Að eigendur jarðarinnar Tungumúla, þeir Hákon J. Kristófersson og Bjarni Hákonarson, bændur að Haga á Barðaströnd, falli frá öllum kröfum á hendur okkur, nánar tiltekið í eftirfarandi atriðum:

a) Niður falli krafa um greiðslu jarðarafgjalda af Tungumúla að fullu og öllu.

b) Ekki verði krafist neinna fyrningargjalda af eign landsdrottna í jarðarhúsum.

c) Ekki verði krafist neinna bóta af mér Björgu Þórðardóttur vegna brottfarar minnar af jörðinni nú á þessu hausti.

d) Niður falli krafa um greiðslu á gamalli skuld vegna heykaupa af H.J.K., sem ég tel fyrnda.“

Hinn 5. desember 1963 gáfu þau Björg Þórðardóttir og Böðvar Guðjónsson sameiginlega út afsal til eigenda jarðarinnar Haga, þeirra feðga Hákonar J. Kristóferssonar og Bjarna S. Hákonarsonar, svohljóðandi:

„Við undirrituð hjón Böðvar Guðjónsson og Björg Þórðardóttir frá Tungumúla í Barðastrandahreppi lýsum því hér með yfir, að við hér með seljum og afsölum til eigenda jarðarinnar Tungumúla þeirra feðga Hákonar J. Kristóferssonar og Bjarna S. Hákonarsonar, bænda að Haga á Barðaströnd, allar eignir okkar á jörðinni Tungumúla í Barðastrandahreppi eins og þær eru metnar og þeim feðgum gert að skyldu að kaupa þær samkvæmt úttektar- og virðingardómi, sem fram fór á jörðinni 12. og 13. október 1963. Er hér með um að ræða alla eign okkar í húsum, ræktun og girðingum (þó er undanskilin milligirðing á túni) á jörðinni og öllum fasteignum, er við áttum á henni samkv. greindum úttektar- og virðingardómi. Samkomulag hefur orðið um það, að þeir feðgar greiði okkur til endurgjalds fyrir framangreindar eignir kr. 100.000. — Eitt hundrað þúsund krónur 00/100 — í eitt skipti fyrir öll við undirskrift þessa afsals, og er það fullnaðargreiðsla fyrir eignirnar, enda skuldbinda þeir sig jafnframt til þess að láta niður falla allar kröfur á hendur okkur, er þeir kunna að hafa átt í sambandi við búsetu okkar á jörðinni Tungumúla, er hér jafnt um að ræða afgjaldsskuldir, fyrningargjöld, sem aðrar bótakröfur, er þeir feðgar kynnu að telja, að þeir ættu á hendur okkur, enda lýsum við því jafnframt yfir, að við höfum engar frekari kröfur á hendur þeim feðgum varðandi ábúð okkar á jörðinni og lýsum þá hér með rétta og löglega eigendur að öllum framangreindum eignum okkar á jörðinni við brottför okkar af henni nú í haust.“ Þeir Hákon J. Kristófersson og stefndi Bjarni rituðu einnig undir afsal þetta og lýstu því yfir, að þeir væru samþykkir því í öllum greinum.

Með bréfi sínu til Hákonar J. Kristóferssonar, Haga, dags. 23. ágúst 1965, tilkynnti landnámsstjóri, Pálmi Einarsson, að nýbýlastjórn ríkisins hefði samþykkt sameiningu jarðanna Haga og Tungumúla samkvæmt umsókn þeirra feðga, Hákonar og stefnda Bjarna. Bréfið hljóðar svo: „Á fundi nýbýlastjórnar ríkisins 23.

p.m. var lagt fram erindi þitt og Bjarna sonar þíns, dags. 9. júlí 1965, þar sem farið er fram á, að nýbýlastjórn ríkisins samþykki sameiningu eignarjarða ykkar Haga og Tungumúla samkvæmt ákvæðum 2. greinar ábúðarlaga nr. 36 frá 29. marz 1961.

Með tilvísun til umsagnar úttektarmanna Barðastrandarhrepps svo og álitsgjörðar hreppsnefndar Barðastrandarhrepps frá 26. maí 1965 samþykkti nýbýlastjórn ríkisins sameiningu téðra jarða.

Þetta tilkynnist ykkur hér með.

Samkvæmt því er heimilt að sammeta jarðirnar í fasteignamati.“

Umsögn úttektarmanna Barðastrandarhrepps, sú sem vitnað er til hér að framan, svo og álitsgerð hreppsnefndar Barðastrandarhrepps frá 26. maí 1965, sem einnig er vitnað til í bréfinu, liggja ekki frammi í málinu, og samkvæmt yfirlýsingu Árna Jónssonar f. h. Landnáms ríkisins, sem aflað hefur verið að ósk dómsins, finnast þessi gögn ekki nú hjá Landnámi ríkisins. Fram hefur komið, að ekki virðast hafa verið gerðar bókanir af hálfu hreppsnefndar né úttektarmanna í viðkomandi fundargerðarbækur varðandi álitsgerð þá og umsögn, sem að ofan getur, en í vottorði Karls Sveinssonar, dags. 7. júlí 1977, segir svo: „Ég undirritaður, fyrrverandi oddviti Barðastrandarhrepps, lýsi hér með yfir eftirfarandi: Árið 1965 eru þessir menn í hreppsnefnd Barðastrandarhrepps Karl Sveinsson, oddviti, Hvammi. Haraldur Sigurmundarson, Fossá, Bjarni Hákonarson, Haga.

Framan af fyrrnefndu ári kemur beiðni til hreppsnefndarinnar frá þeim feðgum, Hákon og Bjarna í Haga, um, að hún gefi umsögn um fyrirhugaða sameiningu jarða þeirra feðga, Haga og Tungumúla í Barðastrandarhreppi.

Undir þessa umsögn ritar, án nokkurs ágreinings, Karl Sveinss., Haraldur Sigurmundarson og Jóhann Þorsteinss. í Litluhlíð, er tók sæti í nefndinni sem varamaður Bjarna í Haga.

Enginn formlegur fundur var haldinn hjá nefndinni um mál þetta, og er það því ekki fært inn í fundargerðarbók hreppsins.“ Í málinu hefur komið fram, að ofanefndur Haraldur Sigurmundarson er tengdafaðir stefnda Bjarna Hákonarsonar.

Með bréfi, dags. 3. apríl 1967, til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu tilkynnti stefnandi, að hann hygðist nota rétt sinn til ábúðar á jörðinni Tungumúla. Bréfið hljóðar svo: „Á aukadómþingi laugardaginn 29. september 1962, settu á Haga á Barðaströnd af Friðjóni Þórðarsyni, setudómara, var sætt í málinu, Björg Þórðardóttir gegn Hákon J. Kristóferssyni o. fl.

Samkvæmt fyrrnefndri sætt er mér undirrituðum veitt lífstíðarábúð á jörðinni Tungumúla á Barðaströnd.

Tilkynni ég yður hér með, herra sýslumaður, að ég hyggst nota rétt minn til ábúðar á jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi, og óska ég eftir, að mér verði afhent jörðin til ábúðar í næstu fardögum.

Bið ég yður, herra sýslumaður, að tilkynna þetta jarðareigendum, þeim Hákon J. Kristóferssyni og Bjarna Hákonarsyni á Haga á Barðaströnd. Á bréfið ritar stefnandi, að hann sendi Hákon og Bjarna í Haga afrit af því.

Hinn 12. apríl 1967 svaraði sýslumaður Barðastrandarsýslu fyrrgreidu bréfi stefnanda þannig: „Ég hefi móttengið heiðrað bréf yðar, dags. 3. þ. m., varðandi þá ósk yðar, að yður verði afhent jörðin Tungumúli á Barðaströnd til ábúðar í næstu fardögum.

Í veðmálabókum Barðastrandarsýslu er Tungumúli ekki lengur sérstakt lögbýli, þar sem hann var sameinaður Haga með samþykki nýbýlastjórnar ríkisins 23. ágúst 1965, sbr. meðfylgjandi ljósrit, dags. 23. ág. 1965, sem þinglýst var 27. júlí 1966.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Ásberg Sigurðsson.“

Stefnandi og foreldrar hans sendu bréf til sýslumanns Barðastrandarsýslu á manntalsþing að Haga 14. september 1967, þar sem þau lýstu því yfir, að þau teldur sameiningu jarðanna Tungumúla og Haga ekki hafa við lög að styðjast og að þau mótmæltu þess vegna sameiningu jarðanna. Yfirlýsingunni fylgdi svofelld greinargerð þeirra: „1. Jarðirnar Tungumúli og Hagi eru það landkostamiklar, að hvor um sig verður „samkv. lögum“ að vera sjálfstæð jörð. 2. Til að sameining jarða geti farið fram, verður að liggja fyrir álit hreppsnefnda viðkomandi hrepps.

Í bókum hreppsins sést ekki, að sameining fyrrnefndra jarða hafi verið rædd innan hreppsnefndar, né nokkur álitagerð gerð þar að lútandi. 3. Á því tímabili, sem sameining þessara jarða stóð yfir, og áður höfðu hjónin Björg Þórðardóttir og Böðvar Guðjónsson sótt um ábúð á Tungumúla. 4. Á aukadómþingi settu að Haga 29. sept. 1962 er Unnari Þór Böðvarssyni veitt lífstíðarábúð á Tungumúla.

Með sameiningu Tungumúla og Haga er hann rændur rétti sínum til ábúðar á Tungumúla.“

Hinn 20. ágúst 1971 ítrekuðu þau stefnandi og móðir hans mótmæli sín á manntalsþingi í Birkimel 1971.

Snemma árs 1965 gerðu þau hjón Björg og Böðvar tilraun til þess að fá á ný ábúð á jörðinni Tungumúla. Leituðu þau m. a. til hreppsnefndar Barðastrandarhrepps um aðstoð í þessu efni, og hinn 17. október 1965 rituðu 35 íbúar Barðastrandarhrepps undir svofellt bænarskjal: „Við undirritaðir ábúendur í Barðastrandarhreppi óskum eftir því við viðkomandi aðila, að hjónunum Björgu Þórðardóttur og Böðvari Guðjónssyni verði veitt aðstoð við að fá löglega ábúð á eyðijörðinni Tungumúla hér í hreppi. Að öðrum kosti verða þau að flytja burt úr sveitinni (en það er þeim mjög nauðugt), þar sem jarðnæði það, sem þau hafa, missa þau í vor.“

Hinn 11. febrúar 1966 ritaði stefnandi landnámsstjóra svofellt bréf: „Með tilvísun til heiðraðs bréfs yðar, dags. 24. janúar 1966, leyfi ég mér hér með að bera fram við yður mótmæli gegn þeirri ákvörðun yðar á fundi 23. ágúst 1965 að heimila sameiningu jarðanna Tungumúla og Haga á Barðaströnd.

Til fulltingis þessum mótmælum mínum vil ég vísa til ákvæðis í 3. gr. ábúðarlaganna nr. 36/1961. Ennfremur vil ég minna á skjal, þar sem meira en helmingur allra ábúenda á Barðaströnd rita undir mótmæli gegn sameiningu þessari. Hefir landnámsstjóri kynnt sér ofangreint plagg.“

Í framhaldi af bréfi, sem stefnandi ritaði landbúnaðarráðuneytinu, svaraði landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, með bréfi, dags. 26. apríl 1966, svohljóðandi: „Ráðuneytinu hefur borizt bréf yðar varðandi ábúð á jörðinni Tungumúla í Barðastrandarhreppi og tekur í því sambandi eftirfarandi fram:

Ráðuneytið gerði eftir móttöku bréfs yðar ráðstafanir til þess að fá frekari upplýsingar um mál þetta heldur en þær, er fram koma í bréfi yðar.

Þannig er upplýst, að foreldrar yðar sögðu jörðinni lausri, og styðst það við frásögn yðar, „að þau afsöluðu sér ábúð á jörðinni“.

Að svo komnu máli eiga þau ekki, svo séð verði, öðrum fremur lögverndaðan rétt til þess að fá jörðina aftur til ábúðar, þó jörðin verði áfram sjálfstæð jörð.

Þá er það upplýst, að ákveðið hefur verið að sameina Tungumúla og Haga í eina jörð og farið með það mál, eins og lög mæla fyrir um.

Þegar svo er komið, getur krafa um ábúð á Tungumúla ekki orðið raunhæf.

Það er álit ráðuneytisins, að foreldrar yðar eigi ekki að lögum rétt til ábúðar á Tungumúla.

Rétt er að benda á, að ráðuneytið fer ekki með neitt úrskurðar-

vald í ágreiningsmálum sem þessum, heldur heyrir það undir dómstóla.

Þetta tilkynnist yður hér með.“

Þau Björg Þórðardóttir og stefnandi mótmæltu með bréfi til sýsluskristofu Vestur-Barðastrandarsýslu, dags. 15. des. 1974, sölu þeirri, þegar stefndi Bjarni Hákonarson seldi Alþýðusambandi Vestfjarða land undir orlofsheimili í Mórudal á Barðaströnd. Segja þau í bréfi sínu, að hið selda landsvæði sé í landi jarðarinnar Tungumúla, og segja þau, að með sölu þessari telji þau sannað, að sameining fyrrnefndra jarða hafi verið reist á röngum forsendum og að grundvöllurinn fyrir sameiningunni væri brostinn og um leið heimild til sölu svæðisins í Mórudal.

Á aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sem háð var 25. ágúst 1978, voru þeir Leifur Jóhannsson ráðunautur, Stykkishólmi, og Erlendur Halldórsson oddviti, Dal, Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu, dómkvaddir að beiðni Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns til að meta landkosti jarðanna Haga og Tungumúla í Barðastrandarhreppi. Skulu hér tilfærðar niðurstöður matsmannanna, sem voru þannig:

„Mat um búhæfni jarðanna Haga og Tungumúla árið 1965.

a) Jörðin Hagi: Hagi hefði getað framfleytt meðalbúi eða meira eins og það var reiknað 1965, en takmarkað beitiland leggur hömlur á sauðfjárbúskap. Þar hefði því þurft að vera aðallega kúabú og miðað við bústærð þá 10—15 kýr og 50—100 kindur. Miðað við markaðsaðstæður hefði verið nokkur vandkvæði á að hafa viðunandi afkomu af slíku búi.

b) Jörðin Tungumúli: Með tilvísun til 2. gr. ábúðarlaga frá 1961 má segja, að (strangt tekið) Tungumúli hafi getað framfleytt 10 kúgildum miðað við fyrri tíma kröfur um fóðrun og afurðir, en með tilliti til framtíðarviðhorfa þá og stækkandi búa, með aukinni vélvæðingu, hafi jörðin ekki geta talist æskileg framtíðar bújörð og að fæstu eða engu leyti eftirsóknarverð. Því hefur hún ekki getað talist sérlega lífvænlegt býli, sem hægt yrði að byggja svipaða lífsafkomu og ætlast var til af á jörðum almennt þá.

Mat um búhæfni Haga og Tungumúla miðað við sjálfstæð býli eins og þau voru fyrir sameiningu. Búhæfnismat árið 1978.

a) Hagi: Hagi getur borið fyllilega meðalbú 1978 eða meira, þar sem ræktunarland er nóg, en aðalbúgreinin yrði að vera nautgripir. Fjárfjöldi takmarkast við 50 til 100 fjár vegna skorts á sumarhögum.

b) Tungumúli: Tungumúli gæti ekki, væri hún sjálfstæð jörð, borið meðalbú, eins og það er árið 1978, vegna takmarkaðs ræktunarlands. Skortur á ræktunarlandi veldur því, að ekki er ástæða til að mæla með uppbyggingu á jörðinni, enda hæpið, að ábúandi, sem ætti jörðina sjálfur, legði í að byggja hana upp með það fyrir augum að hafa lífsviðurværi af landbúnaði, þar sem varla væri hægt að hafa meira en hálf grundvallarbú miðað við þær kröfur, sem gerðar eru um fóðrun og afurðir búfjár.

Það er álit matsmanna, að báðar jarðirnar til samans geti auðveldlega framfleytt 60 kúgildum með aukinni ræktun, en með sömu takmörkunum og getið er um áður með sauðfjárfjölda. Þetta gildir bæði fyrir árið 1965 og núna. Sauðeyjar eru lögbýli og hafa ekki áhrif á mat á búhæfni jarðanna.

Lokið við matsgjörð í Stykkishólmi 10. sept. 1978.“

Lögð hefur verið fram í málinu landamerkjaskrá fyrir jörðinni Tungumúla svo og ljósrit af landabréfi.

Stefnandi, sem fæddur er 1. nóvember 1945, hefur komið fyrir dóminn. Þar skýrði hann m. a. frá því, að hann hefði lokið gagnfræðaprófi á árinu 1964. Þá kvaðst hann hafa sótt um inngöngu í Bændaskólann á Hvanneyri, en horfið síðan frá fyrirætlunum um búnaðarnám, eftir að hann fékk bréfið frá sýslumanni Barðastrandarsýslu um sameiningu jarðanna og áður um getur. Hann kvaðst hafa sest í Kennaraskóla Íslands árið 1969, en þá hafði hann kennt um fimm ára skeið við farskóla og síðar barna- og unglingaskólann í Barðastrandarhreppi. Hann kvaðst hafa lokið kennaraprófi á árinu 1973 og að námi loknu gerst skólastjóri á Barðaströnd auk þess sem hann hafi starfað á búi foreldra sinna meira og minna. Aðspurður um það, hvaða ástæður hann teldi hafa orðið þess valdandi, að hann fór í mál þetta á árinu 1977, svaraði stefnandi því, að hann hefði frá upphafi haft hug á að stunda búskap. Honum hafi með sáttargerðinni frá 1962 verið tryggð ævilöng búseta á jörðinni Tungumúla. Síðan hafi orðið fráhvarf frá búskap í nokkur ár á veturna, á meðan hann stundaði nám í Kennaraskólanum, en allan tímann frá því að sáttargerðin var gerð 1962 hafi hann verið að leita eftir ábúðarrétti sínum, en það hafi verið fyrst á árinu 1976, sem hann kvaðst hafa fundið lögmann, sem var reiðubúinn að taka málið upp fyrir sig. Varðandi afsal foreldra stefnanda til handa stefnda Bjarna og Hákonni, sem að framan getur, kvaðst stefnanda ekki hafa verið kunnugt um (sic) efni þess skjals, þegar foreldrar hans voru látnir skrifa undir það, eins og hann komst að orði, en hann kvaðst hins vegar

hafa séð skjalið stuttu síðar. Aðspurður, hvort foreldrar hans hafi látið það í ljós þá, að þrátt fyrir þetta afsal héldist ábúðarréttur stefnanda óskertur, kvað stefnandi engan vafa hafa verið á því frá hans hendi eða foreldra hans, að réttur hans væri óháður fyrrgreindu afsali. Aðspurður kvaðst stefnandi vera reiðubúinn til þess að hefja ábúð á jörðinni Tungumúla, um leið og réttur hans teldist standa til þess, og jafnframt kvaðst hann vita, að jörðin Tungumúli hefði verið sjálfstætt býli um aldir.

Stefndi Bjarni Hákonarson kom fyrir dóminn. Aðspurður um það, hvort það hefði verið talfært, þegar fyrrnefnt afsal var gert, að stefnandi máls þessa héldi þrátt fyrir það ábúðarrétti sínum, kvaðst hann ekki minnast þess, en hins vegar hafi þeir Svavar Jóhannson, núverandi bankastjóri á Patreksfirði, og Þórður Jónsson, hreppstjóri á Látrum í Rauðasandshreppi, sem rituðu undir skjalið sem vitundarvottar, unnið að því, og að því er stefndi taldi, sem eins konar sáttasemjarar. Aðspurður kvað stefndi sér ekki vera kunnugt um það, hvort úttektarmenn hreppsins hefðu lagt fyrir hreppsnefnd umsögn sína um sameiningu jarðanna. Hins vegar kvaðst hann vita, að þeir sendu umsögn sína til landnámsstjóra. Aðspurður af lögmanni stefnanda, hvort stefndi gerði sér grein fyrir sjálfstæðum ábúðarrétti stefnanda samkvæmt sáttinni frá 1962, kvaðst stefndi ekki hafa gert sér grein fyrir því þá og ekki heldur enn, því að hafi hann öðlast ábúðarrétt fyrir tilstilli foreldra sinna, þá hafi hann, sá réttur, fallið niður með afsalinu, sem áður getur.

Móðir stefnanda, Björg Þórðardóttir, kom fyrir dóminn sem vitni. Aðspurð um það, hvers vegna aðeins hafi verið minnst á ábúðarrétt til handa syni vitnisins, kvað hún það hafa verið vegna þess, að aftekið hafi verið af hálfu Hákonar, bónda í Haga, að ein dóttir hennar fengi ábúðarréttinn, en upphaflega kvaðst vitnið hafa ætlað, að öll börnin fengju ábúðarréttinn. Þá hafi það verið ákveðið af öllum viðstöddum, þ. e. setudómara, lögmonnum, Hákon, stefnda Bjarna og vitninu sjálfu, að aðeins eitt barnið skyldi öðlast ábúðarréttinn, og varð stefnandi fyrir valinu, því að vitnið vildi, að eitt og hið sama gengi yfir systurnar. Vitnið kvað sér hafa verið óviljugt að skrifa undir afsalið, sem áður getur.

Vitnið Snæbjörn Gunnar Guðmundsson bóndi, Skjaldvararfossi, Barðastrandarhreppi, kom fyrir dóminn og skýrði svo frá aðspurt, að úttektarmenn hreppsins árið 1965 hefðu verið Hákon Kristófersson hreppstjóri, Haga, og Jóhannes Sveinsson bóndi, Innri-

Miðhlíð, aðalmenn, og til vara vitnið og Jón Eliasson bóndi, Vaðli. Vitnið kvaðst aldrei hafa verið kvatt til sem varamaður að gefa umsögn um sameiningu jarðanna Tungumúla og Haga.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar fyrst og fremst þeim rökum, að samkvæmt dómssáttinni, sem sé grundvallarskjal í máli þessu, hafi hann fengið lífstíðarábúðarrétt á Tungumúlajörðinni, enda segði hann til, áður en hann yrði 22ja ára, hvort hann hygðist nota þann rétt. Með tilkynningu sinni til sýslumanns og þeirra feðga Hákonar og Bjarna í Haga, dags. 3. apríl 1967, á 22. aldursári sínu, hafi hann fullnægt ákvæðum framangreindrar sáttar og tilkynnt, að hann hygðist nota og halda til laga rétti sínum til ábúðar að jörðinni, og krafist þess jafnframt, að honum yrði afhent jörðina til ábúðar á fardögum 1967. Þessari tilkynningu hafi sýslumaður Barðastrandarsýslu svarað með bréfi, dags. 12. apríl 1967, á þann hátt, að samkvæmt veðmálabókum Barðastrandarsýslu væri Tungumúlinn ekki lengur í tölu lögbýla, þar sem hann hafi verið sameinaður jörðinni Haga með samþykki nýbýla-stjórnar frá 23. ágúst 1965, sem þinglýst hafi verið 27. júlí 1966. Með því að sameining jarðanna Tungumúla og Haga fari beint í bága við lögvarinn lífstíðarábúðarrétt sinn að Tungumúla, beri að rifta þeim gerningi og fá honum jörðina til ábúðar, eins og dóms-sátt og lög mæli fyrir um. Annað mál sé það, að sameining þessara tveggja jarða sé gerð þvert ofan í gildandi fyrirmæli um sameiningu jarða, enda þótt ekki hefði komið til lögvarinn ábúðarréttur stefnanda. Ábúðarréttur Bjargar Þórðardóttur að Tungumúlanum, sem hún fékk með réttarsáttinni 29. september 1962, hafi lokið 5. desember 1963 með sérstöku afsali hennar til þeirra feðga Hákonar og Bjarna í Haga. Í því afsali sé hvergi minnst á ábúðarrétt stefnanda og standi hann því óhaggaður. Annað mál sé það, að þau hjón, Björg og Böðvar, hafi komið að Tungumúlanum haustið 1967 og hafið þar búskap að nýju og séu þar enn, þegar mál þetta hefst, án þess að um þá ábúð hafi verið gert nokkurt byggingarbréf. Í álitserð lögmanns stefnanda á dskj. nr. 15, sem hann telur vera hluta af greinargerð sinni, hvað áhrærir málsástæður og lagarök eftir því sem við eigi, kemur m. a. fram, að enda þótt lífstíðarábúðarrétti hjónanna Bjargar og Böðvars hafi lokið á árinu 1963 með afsalinu, sem áður getur, þá eigi stefnandi sjálfstæðan, fullkominn ábúðarrétt á jörðinni Tungumúla skv. lögum nr. 36/1961 og sé honum rétt að halda þessum

ábúðarrétti sínum til laga og með tilkynningunni til sýslumanns, sem einnig er áður að vikið, hafi hann með réttum og lögformlegum hætti haldið lífstíðarábúðarrétti sínum í fullu gildi. Sameining jarðanna Tungumúla og Haga sé löglaus með öllu, og eru eftirfarandi rök tilgreind fyrir þeirri skoðun: 1. Sameining þessara jarða sé þverbrot á 2. gr. ábúðarlaganna frá 1961. Lögskilyrði fyrir sameiningu tveggja jarða séu þau, að þær verði ekki taldar lífvænlegt býli hvor um sig, og þessu lögskilyrði sé hvergi nærri fullnægt af augljósum ástæðum. 2. Úttektarmenn, sem gáfu álit sitt nýbýlastjórn, séu ekki óvilhallir. Sýslumaður skuli skipa úttektarmenn eftir ábendingu viðkomandi hreppsnefndar. Gunnar Guðmundsson hafi verið úttektarmaður, en ekki komið nálægt álitsgerðinni, Jón Elíasson sé giftur uppeldisdóttur Hákonar og þriðji úttektarmaðurinn, Jóhannes Sveinsson, hafi verið fulltrúi Hákonar við dómsúttektina í Tungumúla. Úttektarmenn hafi því ekki verið óvilhallir og álitsgerð þeirra þar af leiðandi vefengjanleg. 3. Meðmæli hreppsnefndar fyrir sameiningu jarðanna séu marklaus, bæði af því, að hreppsnefndarmenn séu ekki óvilhallir, þar sem sumir þeirra séu aðiljar málsins, og vegna þess, að eftir lýsingu oddvita Barðastrandarhrepps í bréfi, dags. 31. mars 1966, til stefnanda segi, að hann verði að álita, að formleg sameining þessara jarða hafi ekki átt sér stað, þar sem samkvæmt bókum hreppsnefndar frá þeim tíma, sem sameiningin hefði átt að fara fram á nefndum jörðum, sjáist hvergi, að hreppsnefnd hafi einu sinni rætt þetta mál, hvað þá gert um það ályktun. 4. Sameining þessara jarða gangi í berhogg við dómssátt, sem felur í sér loforð um lífstíðarábúðarrétt stefnanda og sé því ógildanleg af þeim ástæðum.

Stefndi Bjarni Hákonarson styður sýknukröfu sína m. a. þeim rökum, að varðandi 1. kröfulið í stefnu hafi sameiningin verið stjórnvaldsákvörðun í eitt skipti fyrir öll. Samþykki nýbýlastjórnar fyrir sameiningunni hafi verið gerð með ákvörðun þar tilkvadds stjórnvalds og þeirri ákvörðun geti dómstólar ekki hnekk. Nýbýlastjórn hafi haft fyrir sér samþykki bæði úttektarmanna og sveitarstjórnar, en ekki hafi þurft nema annað af þessu tvennu. Síðan hafi hún lagt sjálfstætt mat á, sjálfsgagt að athuguðu máli, hvort að sameininguna skyldi leyfa. Slík ákvörðun sé órifnanleg af dómstólum. Nýbýlastjórn hafi hvergi farið út fyrir ramma laganna. Eigendur Haga hafi sótt um til stjórnvaldsins að fá sameininguna. Samþykkisbeiðandinn, sem fór eftir lögskipuðum leiðum, beri ekki ábyrgð á stjórnvaldsákvörðuninni sjálfri,

þó að hann nyti hennar, heldur verði stjórnvaldið sjálft að standa ábyrgt gerða sinna. Stefndi bendir á, að ekkert liggi fyrir um það, að hreppsnefndin hafi ekki verið einhuga um það á sinni tíð að veita samþykki sitt til sameiningar jarðanna. Oddvitinn, Gunnar Guðmundsson á Skjaldvararfossi, hafi ekki gegnt hreppstjórástörfum, þegar hreppsnefndin veitti samþykki sitt til sameiningar jarðanna, og sé því fullyrðing hans á dskj. nr. 9 um það, að hreppsnefndarmenn hafi ekki „fengið“ að ræða málið sameiginlega, heldur „látir“ skrifa undir hver í sínu lagi, er mótmælt sem röngum og villandi (sic). Álit þessa manns um það, að „formleg sameining þessara jarða“ hafi ekki átt sér stað, skipti vitaskuld engu máli í þessu sambandi. Í tilvitnaðri lagagrein sé það eitt af skilyrðum fyrir jarðasameiningu, að þær geti framfleytt til samans minna en 60 kúgildum eða hafi sjávargagn eða hlunni, sem því svarar. Stefndi bendi á, að á þessum tíma hafi verið svo ástatt um búskap á þessum slóðum, að eingöngu kom til greina sauðfjárbúskapur að því er snerti framleiðslu afurða til sölu. Vegna landstærðar Tungumúla hafi Hagabóna verið mjög hagkvæmt að nýta það land vegna sauðfjárins, en hins vegar sé öruggt þrátt fyrir sameininguna, að notagldi beggja jarðanna sameiginlega hafi hvergi náð 60 kúgilda hámarkinu, því að nú á tímum sé reiknað með því, að 20 ærgildi séu í kúgildinu, sem svari til 1200 fjár á fóðrum. Hvað hafi það þá verið, sem á gat vantað, að samþykki nýbýlastjórnar væri gilt? Það liggi fyrir í málinu, að sveitarstjórn hafi mælt með sameiningunni og ekki hafi verið vefengt í málinu, að útektarmenn hafi mælt með því. Sjálfstætt mat nýbýlastjórnar, að fengnu þessu samþykki og að uppfylltum framangreindum skilyrðum, verði að skoðast fullnægjandi til þess, að dómstólar hafi ekki vald til þess að hnekkja slíku.

Þá sé sú krafa gerð, að stefnanda sé dæmdur ábúðarréttur að jörðinni Tungumúla, en þann rétt hefði hann öðlast með dómssátt, sátt gerðri 29. sept. 1962. Sóknargögn þegi að mestu um afstöðu stefnanda, er hann hafi þóst vilja efna til búskapar að Tungumúla. Stefnandi sé talinn fæddur 1. nóv. 1945. Hann hafi sent bréf sitt um búskaparviljann 3. apr. 1967 og fylgi þeirri ósk ekki eftir í neinu, sem sé mark á takandi fyrir dómstóla eða aðra. Sig bresti kunnáttu á því, hvað hann aðhafðist á þessum tíma við starf eða nám, en við eftirgrennslan hafi stefndi fengið staðfest, að hann innritaðist til náms í Kennaraskóla Íslands árið 1969, lauk íþróttakennaraprófi árið 1972 og kennaraprófi árið

1973. Vegna þessa námsferils, sem í sjálfu sér sé virðingarverður, hafi manninn brostið öll skilyrði til að taka við búi í Tungumúla á árinu 1967 eða síðar, því stefnandi muni hafa stundað kennslustörf sem opinber embættismaður í fullu starfi alla tíð frá því að hann lauk kennaraprófi. — Ábúðarréttur stefnanda til handa hafi verið ákveðinn af foreldrum hans með dómssáttinni 29. september 1962. Hann var þá ólöggráða og foreldrarnir hafi með réttu talið, að þau þyrftu ekki að spyrja yfirfjárráðanda eða neinn annan en sjálfa sig um réttmæti þessa áskilnaðar í dómssáttinni. Hann var einnig ólöggráða, er sömu foreldrar skrifuðu undir afsalið á dskj. 6. Með því afsali séu ákvæði dómssáttar um ábúðarrétt að engu gerð, enda fá þau þá fulla greiðslu í eitt skipti fyrir öll vegna eigna sinna á jörðinni Tungumúla og jarðeigendur lýsi því yfir, að þeir láti falla niður kröfur á hendur ábúandanum, er þeir kunni að hafa átt í sambandi við búsetuna, og ábúendur lýsi því jafnframt yfir, að þau hafi engar frekari kröfur á hendur jarðareigendum varðandi ábúð þeirra á jörðinni. Með þessari yfirlýsingu og þessu afsali hafi ábúendur í eitt skipti fyrir öll niður fellt allar kröfur, sem þau kynnu að hafa átt vegna sjálfra sín og einnig ólöggráða sonar síns í sambandi við ábúð jarðarinnar. Til þessa hafi þau haft fullkomið vald sem lögbornir lögráðamenn hins ólöggráða sonar. Þau höfðu áskilið honum ábúðarrétt sjálf, og þau sjálf höfðu ein allt vald til þess að láta þetta ákvæði ógilt vera. Þau hafi á þeim tíma álitid, að þau væru að gera einungis hið rétta fyrir sjálfa sig og son sinn, og er mótmælt sem í hæsta máta óviðurkvæmilegu orðalagi, þegar svo er til orða tekið, að þau hafi verið beitt „nauðung og vald-níðslu“, og er krafist ómerkingar þessara ummæla. — Það skjóti heldur skökku við að varpa slíku fram, þegar staðreyndir málsins séu þær, eins og fram komi í skjölum sóknaraðilja, að ábúendurnir Björg og Böðvar flytji aftur að Tungumúla 1967 til að nytja hluta af húsum jarðarinnar, hluta ræktaðs lands og hluta óræktaðs lands, vegna góðmennsku stefndu, en þá hafi jörðin verið orðin hluti af jörðinni Haga eftir sameininguna. — Þá sé þess krafist í dómstefnu, að væntanlegur dómur jafngildi byggingarbréfi stefnanda til handa, allt miðað við landstærð, landamerki, ræktun, mannvirki og girðingar, eins og þær voru í fardögum 1967, með einni undantekningu. Þetta sé fjarstæð krafa, sem stefnandi hafi ekki borið við að réttlæta lagalega séð, enda með öllu óhugsandi í framkvæmd. — Krafa um miskabætur og bætur vegna röskunar á stöðu og högum og skaðabætur að upp-

hæð kr. 3.000.000 auk vaxta. Svo sem áður tilvitnuð æviferilsfrásögn stefnanda greini, hafi hann gerst menntamaður og embættismaður í stað þess að verða bóndi. Það megi lengi deila um það, hvor staðan sé betri. Stefndi hyggur, að kennara- og skólastjórastaðan sé bóndastöðunni tryggari og líklegri til tekjuöflunar. Mótmælt sé sem röngu og þýðingarlausu dskj. nr. 7, enda með öllu óljóst, hver hafi átt að vera móttakandi þessa plaggs, sem talið sé ritað 2. maí 1964. Dskj. nr. 8 sé fullgild sönnun um afgreiðslu nýbýlastjórnar ríkisins á erindi eigenda jarðanna Tungumúla og Haga og innfært mótmælalaust til þinglýsingar þá þegar árið 1966. Samkvæmt dskj. nr. 10 hafi stefnandi krafist að fá jörðina Tungumúla til ábúðar í fardögum 1967 án þess að sýna þá eða nokkru sinni síðar, að hann hefði einlægan ásetning og getu til raunverulegs búskapar með þeim skyldum, er ábúandi jarðar taki sér á herðar. Dskj. nr. 11 sýni, að stefnanda er óvefengjanlega gert kunnugt um í aprílmánuði 1967, að Tungumúli sé ekki lengur sérstakt lögbýli. Tómlæti hans þá þegar og lengi síðan hafi gert það að verkum, að hann þegar af þessum ástæðum geti ekki krafist ábúðarréttar. Dskj. 12, 13 og 14 er mótmælt sem þýðingarlausum yfirlýsingum. — Loks vorið 1977 sé krafa gerð og mál þingfest til þess að fá dæmdan ábúðarrétt að jörð, sem sannanlega hafi verið lögð niður sem lögbýli 12 árum áður og nytja húsa að nokkru svo og lands að hluta, hafi foreldrar stefnanda notið sl. 10 ár. Þetta mál sé því einsdæmi að efni til og lögð á það áhersla, að stefnda verði tildæmdur ríflegur málskostnaður vegna tilefnislausrar málsýfingar.

Sýknukröfu sína styðja stefndu landbúnaðar- og fjármálaráðherra f. h. landnámsstjórnar og ríkissjóðs m. a. þeim rökum, sem þeir byggi á þremur meginástæðum, að A. Landnámsstjórn (nýbýlastjórn) sé ekki gerandi hinnar umstefndu sameiningar jarðanna, hún hafi ekki framið eða framkvæmt neitt í því efni, heldur einungis veitt samþykki fyrir sitt leyti, sem hafi verið einbert formsatriði. Sameiningin sé alfarið að frumkvæði og framkvæmd eigandans og á hans ábyrgð, en ekki byggð á neins konar beinni ákvörðun stjórnvalda. Enda sé ekki gerð, í stefnulið 1, krafa um riftun eða ógildingu á samþykki nýbýlastjórnar, heldur einungis, að sameiningin verði úr gildi felld, sem vitaskuld sé ekki á valdi stefndu. Þar sé það eigandans, meðstefnda Bjarna Hákonarsonar, að svara til sakar. Þess vegna sé rangt, sem segi í stefnu, að „kröfuliður 1 beinist að landbúnaðarráðherra vegna Landnámsstjórnar.“ Þvert á móti hljóti stefndu landbúnaðar- og fjármála-

ráðherra að verða sýknaðir, eins og kröfugerð er háttað, og þar á meðal einnig af hlutdeild í málskostnaði samkvæmt 5. tölulið. — B. Jafnvel þótt svo ólíklega færi, að umrætt samþykki nýbýlastjórnar yrði talið einskonar orsök sameiningarinnar, ef svo megi að orði komast, þá þurfi það engu að breyta, þar sem samþykkið hafi verið fullkomlega réttmætt efnislega, eins og málin lágu fyrir. — Í þessu sambandi skuli sérstök áhersla lögð á, að sameiningin hafi alls ekki verið til þess gerð né heldur leitt til þess að hindra ábúð og ábúðarrétt stefnanda á jörðinni Tungumúla, svo sem hv. andst. haldi fram (sic). Þegar nýbýlastjórn hafi veitt samþykki sitt 23. ágúst 1965, hafi legið fyrir, að nærfellt tveim árum áður var jörðin (orðin) laus úr ábúð. Hvernig sem lítið verði á ábúðartilkall stefnanda samkv. dskj. 3, þá sé greinilega frá því fallið og á bindandi hátt í dskj. 6, sbr. nánar málsástæðu C hér á eftir. Það athugist, að stefnandi sé orðinn 18 ára, fullvita og fullkunnugt um, hvað um var að ræða, þegar dskj. 6 var undirritað 5. des. 1963, án þess að nokkur fyrirvari væri gerður stefnanda til handa. Meira að segja hafi afsal evt. ábúðarréttar enn frekar áréttað með því að selja meðstefndu allar eignir þeirra á jörðinni, hús, ræktun og mannvirki, í stað þess að láta þær ganga til stefnanda. C. Þá sé að lokum síðasta málsástæðan, sem við taki, ef hinar tvær þrjóti (A og B), og leiða muni, ein fyrir sig eða ásamt hinum, til fullrar sýknu allra hinna stefndu í málinu. Hér sé átt við drátt og aðgerðarleysi stefnanda að halda hugsanlegum ábúðarrétti til laga innan skaplegra tímamarka. Upphaflega hafi verið talað um ábúðarrétt til handa stefnanda í dómssáttinni 29. sept. 1962. Tilkall þetta hafi raunverulega fallið niður 5. desember 1963, svo sem áður væri sagt. Hefði stefnanda hins vegar verið alvara að halda ábúðartilkalli sínu til streytu, hefði hann átt að hefjast handa í síðasta lagi, þegar hann varð lögráða. Það hafi hann þó ekki gert. Það sé ekki fyrr en allöngu síðar, 3. apríl 1967, að hann tjái sig munu „nota rétt“ sinn til ábúðar frá og með fardögum 1967 að telja. Sennilegast hafi þó tilkynning þessi verið mest til málamynda eða að stefnandi hafi ekki haft mikla trú á réttmæti kröfu sinnar, því að það sé fyrst nú, eftir 10 ár frá tilkynningunni (14 ár frá niðurfellingunni á dskj. 6), að hann hefjist handa um málsókn. Þessi langi dráttur hafi að sjálfsögðu aðgerðarleysisverkanir, sem algerlega hljóti að útiloka, að dómkröfur stefnanda nái fram að ganga, hvernig svo sem annars yrði á þær lítið. Mótmælin á dskj. 12 og 13 komi hér í engan stað, þar sem þeim var ekki fylgt eftir frekar. Það athug-

ist sérstaklega, að mótmælum þessum var ekki komið á framfæri við nýbýlastjórn né yfirleitt nokkru sinni, fyrr eða síðar, kvartað til hennar út af sameiningunni. Tómlætisverkanir séu því algerar og úrskerandi, hvað stefnu landbúnaðar- og fjármálaráðherra snerti, hvernig svo sem málinu reiði af í aðrar áttir. — Þeir hafi þá gert grein fyrir þeim þremur höfuðastæðum, sem sýknukrafa þeirra byggist á. Vissulega sé fleira athugavert við málssókn þessa. Það sé til dæmis vant að sjá, hvernig landnámsstjórn verði „gert að afmá“ þar greindar þinglýsingar, sbr. niðurlag 1. stefnuliðs. Til þess hefði þá þurft að stefna dómáranum sjálfum og hann að víkja sæti. Sérstaklega verði að mótmæla sem röng- um og ótilhlýðilegum ummælum stefnanda í dskj. 15 um „nauð- ung og valdníðslu“, bls. 2 neðst, svo og yfirlýsingu á dskj. 7, enda þurfi og að upplýsa, hvað átt sé við „kæra um rán“ o. s. frv.

Niðurstaða.

Eigi verður talið, að um aðildarskort sé að ræða í máli þessu og ekkert það athugavert við málatilbúnað stefnanda, sem gæti varðar frávísun málsins.

Svo sem máli þessu er háttað, þykir rétt að fjalla um 1. og 2. kröfulið stefnanda í einu lagi. Með dómssáttinni, sem gerð var á aukadómþingi Barðastrandarsýslu 29. september 1962, var það ákveðið í 1. gr., að Björg Þórðardóttir fengi lífstíðarábúð á jörð- inni Tungumúla fyrir sig og son sinn, stefnanda máls þessa, enda segði hann til, áður en hann yrði 22ja ára, hvort hann hygðist nota þann rétt. Með afsali, dags. 5. desember 1963, afsöluðu þau foreldrar stefnanda, Björg og Böðvar, öllum eignum sínum á jörðinni Tungumúla til þeirra feðga, stefnda Bjarna og föður hans Hákonar, allt samkvæmt úttekta- og virðingardómi, sem fram fór á jörðinni þá um haustið, en einmitt þá höfðu þau hjónin brugðið búi og flutt burt af jörðinni. Í afsali þessu lýstu þau foreldrar stefnanda jafnframt yfir því, að þau hefðu engar frekari kröfur á hendur þeim feðgum, sem fyrr eru nefndir, varðandi ábúð á jörðinni. Viðurkennt er af stefnanda, að ábúðarrétti móður hans að umræddri jörð lauk með fyrrgreindu afsali. Með bréfi, dags. 23. ágúst 1965, tilkynnti landnámsstjórn, að nýbýlastjórn sam- þykkti sameiningu jarðanna Haga og Tungumúla skv. ákvæðum 2. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961, og segir í bréfi þessu m. a., að heim- ilt sé að sammeta jarðirnar í fasteignamati. Þessu bréfi var þing- lýst. Með bréfi, dags. 3. apríl 1967, tilkynnti stefnandi sýslumanni

Barðastrandarsýslu, að hann hygðist nota rétt sinn til ábúðar á Tungumúlanum, og óskaði jafnframt eftir því, að sér yrði afhent jörðin á næstu fardögum, en stefnandi er fæddur 1. nóvember 1945. Stefnandi höfðar mál þetta með stefnu, birtri 1. apríl 1977.

Dómarinn lítur svo á, þegar það er virt, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af gögnum málsins, að aðgerðarleysi stefnanda við að halda meintum ábúðarrétti sínum til laga, en frá því að hann tilkynnti, að hann hygðist nota og halda til laga meintum ábúðarrétti sínum og þar til stefna í máli þessu var gefin út og birt, liðu tæp 10 ár, þ. e. frá 3. apríl 1967 til 1. apríl 1977, hafi þær verkanir, að þótt um ábúðarrétt til handa stefnanda kunni einhverju sinni að hafa verið að ræða, þá sé hann nú niður fallinn vegna þessa tómlætis hans, því að fram að þeim tíma, er stefna í máli þessu var birt stefndu, þá hafðist hann ekkert það að, sem að lögum gat rofið hið óbreytta ástand.

Telja verður, að aðrar kröfur, sem stefnandi gerir í málinu, séu svo nátengdar ábúðarréttinum, að hann geti ekki haft þær uppi í málinu óháðar honum.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Með því að stefnandi hefur ekki rennt nægilegum stoðum undir þá fullyrðingu sína, sem fram kemur í dskj. nr. 15, að þau hjónin, Björg Þórðardóttir og Böðvar Guðjónsson, hafi verið beitt „nauðung og valdníðslu“, þegar þau afsöluðu sér lífstíðarábúðarrétti að jörðinni Tungumúla, þá ber að taka til greina þá kröfu stefnda Bjarna Hákonarsonar, að þau ummæli verði dæmd dauð og ómerk.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kostnaður stefnanda af rekstri málsins, sem ákveðst kr. 1.174.780, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun til skipaðs talsmanns hans, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmans, kr. 800.000, en hann hefur lagt fram í málinu yfirlit yfir útlagðan kostnað, kr. 374.780. Kostnaður stefnda Bjarna Hákonarsonar af rekstri málsins, sem ákveðst kr. 700.000, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, kr. 650.000, en hann hefur í málinu lagt fram málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 900.000.

Mál þetta var þingfest 13. maí 1977, og fór Jóhannes Árnason sýslumaður með það í upphafi og hélt í því nokkur dómþing. Með símskeyti dómsmálaráðuneytisins, dags. 27. júlí 1978, var Rúnar Guðjónsson sýslumaður, Hólmavík, skipaður dómari í málinu,

sbr. 2. mgr. 30. gr. einkamálalaga, og hefur hann farið með málið síðan og kveðið upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarni Hákonarson, landbúnaðarráðherra vegna landnámsstjórnar ríkisins og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Orðin „nauðung“ og „valdníðsla“ í álitserð stefnanda, sem að framan greinir, skulu vera dauð og ómerk.

Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður stefnanda af rekstri málsins, sem ákveðst kr. 1.174.780, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun til skipaðs talsmanns hans, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmans, kr. 800.000. Kostnaður stefnda Bjarna Hákonarsonar af rekstri málsins, sem ákveðst kr. 700.000, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, kr. 650.000.

Mánudaginn 3. maí 1982.

Nr. 176/1981. Ákæruvaldið

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Þorfinni Kristjánssyni
(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var af ákæruvaldsins hálfu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. júní 1981. Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember 1981.

Er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og hann dæmdur til refsingar og ökuleyfissviptingar.